

Gos í Eyjafjallajökli - staða 19. maí 2010 kl. 17:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigprúði Ármannsdóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Helga Ívarsdóttur, Matthew J. Roberts, Bergþóru S. Þorbjarnardóttur og Steinunni S. Jakobsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurratsjá, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð: Gosmökkurinn er heldur lægri í dag en í gær, hefur verið í um 5 - 6 km skv. veðurratsjá og athugunum frá flugmönnum. Sunnan og síðar suðvestanátt yfir eldstöðinni, 15 – 18 m/s.

Stefna: Norðvestur snemma í morgun en snérist síðan í norðnorðaustur (skv. veðursjá).

Litur: Grár eða ljósgrár.

Gjósकुfall: Tilkynningar um öskufall hafa komið frá Flúðum, úr Fljótshlíð, Rangárþingi Ytra, Húsavík og Skagafirði en þar varð vart ösku samfara regni sem féll rétt fyrir hádegið.

Eldingar: Rúmlega tuttugu eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá miðnætti og fram á miðjan dag og er það mun minna en í gær.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Mikil rigning olli vatnavöxtum við Eyjafjallajökul í morgun. Rigningin kom af stað aurflóði í Svaðbælisá þegar aska rann af nokkurra ferkílómetra svæði af Eyjafjallajökli. Vatnamælingamenn frá Veðurstofunni fóru ásamt sérfræðingi frá Jarðvísindastofnun Háskólans að taka aurburðar- og efnasýni úr Svaðbælisá og Skógaá. Rennsli Markarfljóts var einnig mælt við gömlu Markarfljótsbrúna en vatnshæð þar hefur ekki orðið hærri síðan í hlaupinu sem kom 15. apríl. Rennsli við Gígjökul er lítið eins og verið hefur.

Aðstæður á gosstað: Gosmökkur liggur í allt að 5-6 km hæð og leggur til norðnorðausturs samkvæmt upplýsingum úr eftirlitsflugi Landhelgisgæslunnar yfir gosstöðvarnar nú síðdegis. Heldur hefur dregið úr eldingum.

- Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og líkur því sem verið hefur síðustu daga.
- Jarðskjálftar: Enginn jarðskjálfti hefur mælst í jöklinum frá því í fyrrinótt.
- GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls en óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðvar næst eldstöðinni síðustu sólarhringana.
- Heildarmat: Gosmökkurinn hefur verið heldur lægri í dag en síðustu daga og eldingum hefur fækkað. Gjóskufalls hefur gætt norðvestur af eldstöðinni og einnig á Norðurlandi um og upp úr hádegi.